



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
b.t. Vigfúsar Hallgrímssonar
Linnestíg 3
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 15. júní 2016
1604257NA KEF
Málalykill: 21.11

Efni: Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2016

Hér með tilkynnist að stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2016-2017. Alls bárust umsóknir um styrki til 205 verkefna frá 76 umsækjendum upp á rúmar 91 millj. króna. Ákveðið var að veita styrki til 203 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 44.681.000.

Hér með staðfestist að **Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**, kt. 490996-2149, hlýtur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að hámarki **2.106.000** kr. sem svarar til **117 klukkustunda hið minnsta til verkefnanna:**

	Hámarksfjöldi klukkustunda. skv. umsókn
Forvarnir og úrræði í skólastarfi sem lífsleikni	55
Kennsla nemenda með sérþarfir	45
Heilsuefling og mannaudur	35
Grunnhæfni í lestri og stærðfræði	145
Tvítyngei og kennsla flóttamannabarna/hælisleitenda	40
UT starfssamfélög og spjaldtölvukennsla	100

Styrknum skal varið til símenntunar **félagsmanna Félags grunnskólakennara (FG)** og **Skólastjórafélags Íslands (SÍ)** og skal honum varið til leiðsagnar skv. umsókn.

Stjórn Námsleyfasjóðs felur hlutaðeigandi styrkbega að taka endanlega ákvörðun um ráðstöfun styrksins og forgangsraða þeim verkefnum sem styrkur er veittur til, t.d. fjármagnað eitt þeirra að fullu og sett annað/önnur í bið. Ekki er gert ráð fyrir að styrknum sé varið til annarra verkefna en upp eru talin hér að ofan.

Í 10. grein reglna um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er kveðið á um skriflega samninga um útfærslu verkefna og greiðslur og fylgir slíkur samningur hér með.

Samningurinn er í tveimur eintökum og er ætlast til að bæði eintök séu undirrituð og öðru skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs sem allra fyrst.

Gert er ráð fyrir að verkefninu/verkefnunum verði lokið í lok skólaársins 2016-2017, í síðasta lagi. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Meðfylgjandi er einnig eyðublað fyrir greinargerð ásamt eyðublaði fyrir staðfestingu þátttakenda sem ber að skila til stjórnar Námsleyfasjóðs að verkefni loknu. Styrkir verða ekki greiddir fyrr en fullnægjandi greinargerð hefur verið skilað og tryggt er að verkefnið/verkefnin hafi náð fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun sem fram kemur í umsókn. Hafi fullnægjandi greinargerð ekki borist í síðasta lagi **1. september 2017** fellur styrkur niður.

Virðingarfyllst
NÁMSLEYFASJÓÐUR

Klara E. Finnbogadóttir

Klara E. Finnbogadóttir
starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs

Vakin er athygli á upplýsingaveitu fyrir fræðslutilboð sem ætluð eru kennurum, skólastjórnendum, kennslu-, náms- og starfsráðgjöfum í leik-, grunn, framhalds- og tónlistarskólum. Markmið upplýsingaveitunnar er að miðla og veita yfirsýn yfir fræðslutilboð sem er ætlað að styrkja fyrrgreindar starfsstéttir. Geta fræðsluaðilar sett inn upplýsingar um tilboð sér að kostnaðarlausu að höfðu samráði við starfsmann veitunnar, Sólrúnu Harðardóttur, sem veitir allar nánari upplýsingar, solrun.hardardottir@mms.is. Upplýsingaveituna er að finna á vefnum www.starfsþrounkennara.is.